

til að greiða stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 550.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, Stefán Hermannsson verkfræðingur og Gísli Andrésson hreppstjóri kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, landbúnaðarráðherra f. h. Jarðasjóðs ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnendum, Kjartani Stefánssyni, Skúlínu Stefánsdóttur, Höskuldi Stefánssyni, Páli A. R. Stefánssyni og Össuri Stefánssyni, 2.250.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 11. mars 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 7. janúar 1980, en dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk 550.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 108/1981. Nýja bílasmiðjan h/f

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Póri Sæmundssyni

og gagnsök

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Skaðabótamál. Brottvikning úr starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. apríl 1981. Hann krefst þess aðallega, að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 500.05 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan með hæstu dómvöxtum, eins og þeir verða hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags, en gagnáfrýjanda verði gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 4.195.68 krónur með vöxtum eins og í aðalkröfu, en þá verði málskostnaður felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann þess, að hann verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 12.908.54 krónur auk 19% ársvaxta frá 1. febrúar 1979 til 1. júní s. á. og síðan eins og í aðalkröfu, en um málskostnað fari eins og í varakröfu.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 32.983.61 krónu með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan með hæstu dómvöxtum, eins og þeir verða hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi réðst til aðaláfrýjanda sem framkvæmda-

stjóri 15. maí 1978. Aðiljar eru sammála um, að rætt hafi verið um það, áður en gagnáfrýjandi var ráðinn, að hann mundi taka sér launalaust orlof. Eins og í héraðsdómi er rakið, var hann frá störfum frá 19. til 31. júlí að eigin sögn, og er ósannað, að hann hafi verið frá störfum lengur. Hann hefur ekki krafist launa fyrir þennan tíma. Hin 29. ágúst 1978 gerðu málsaðiljar skriflegan ráðningarsamning.

Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi verið einn dag frá vinnu vegna áfengisneyslu í októbermánuði. Af því tilefni hafi sér verið sagt upp störfum, en sú uppsögn hafi verið afturkölluð. Hann kveðst ekki hafa fengið aðra áminningu en þessa uppsögn, áður en honum var sagt upp endanlega.

Gagnáfrýjandi kveðst hafa veikst 30. október og þá hafa átt símtal við lækni, er hafi sagt sér, að um væri að ræða influensu. Þann dag segir hann, að einhver hafi hringt frá aðaláfrýjanda og talað við son sinn, er hafi sagt frá veikindum sínum. Hann kveðst hafa unnið fyrstu tvo dagana, eftir að hann veiktist, en ekkert eftir það, þar til honum var sagt upp. Ekki tilkynnti hann aðaláfrýjanda um veikindi sín, og forsvarsmenn aðaláfrýjanda hafa skýrt svo frá, að þeir hafi gert árangurslausar tilraunir til að ná til hans, eftir að hann forfallaðist, og ekki fengið vitneskju um, að hann væri veikur.

Samkvæmt 3. gr. í ráðningarsamningi gagnáfrýjanda var kjarasamningur Verslunarmannafélags Reykjavíkur hluti af ráðningarkjörum hans. Í grein 7.4. í þeim samningi segir m. a. svo: „Ef starfsmaður veiktist og getur af þeim sökum eigi sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirboðara sínum, sem ákveður, hvort læknisvottorðs skuli krafist“. Þetta vanrækti gagnáfrýjandi, og tilraunir aðaláfrýjanda til að ná tali af honum báru engan árangur, eins og að framan segir. Ekki sendi hann aðaláfrýjanda vottorð læknis þess, sem áður getur. Það er ekki gefið út fyrr en 2. janúar 1979. Ekki hafði læknir þessi skoðað gagnáfrýjanda í veikindum hans að því er séð verður, og með hliðsjón af því verður vottorðið, sem aðaláfrýjandi hefur mótmælt, ekki talið hafa

sönnunargildi um heilsufar gagnáfrýjanda. Af þessum ástæðum þykir ekki sannað, að gagnáfrýjandi hafi haft gild forföll, frá því að hann lét af störfum að eigin sögn í lok októbermánaðar. Hann hefur og viðurkennt, að eftir 7. nóvember hafi hann verið við drykkju.

Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi fengið áminningu frá aðaláfrýjanda í október vegna áfengisneyslu. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi haft gild forföll eftir 30. október. Hann telst því hafa brotið svo gegn starfskyldum sínum, að aðaláfrýjanda hafi verið rétt að víkja honum úr starfi án uppsagnarfrests, sbr. 2. mgr. í grein 12.1. í kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Vegna fjarvista sinna frá starfi í nóvember þykir hann ekki eiga rétt til launa fyrir þann tíma.

Krafa gagnáfrýjanda um laun fyrir yfirvinnu kom ekki fram, fyrr en eftir að honum hafði verið sagt upp störfum. Hann reiknaði sér ekki laun fyrir yfirvinnu í lok hvers mánaðar. Með hliðsjón af þessum ákvæðum ráðningarsamnings aðilja og því, að upplýsingar gagnáfrýjanda um yfirvinnu hans eru mjög ófullnægjandi, verður krafa hans um hana ekki tekin til greina.

Fallist er á niðurstöðu héraðsdóms um greiðslu fyrir afnot húsnæðis og síma.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda í samræmi við reikningsgerð þess síðarnefnda:

Laun fyrir maí — október 1978	21.077.05 krónur
Orlof 8.33%	1.755.72 krónur
Þóknun fyrir afnot af húsnæði og síma ..	1.800.00 krónur
	<hr/>
	24.632.77 krónur
Þar af er greitt	23.289.00 krónur
	<hr/>
Ógreitt	1.343.77 krónur

Þessa fjárhæð greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda ásamt vöxtum, svo sem gagnáfrýjandi krefst og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Nýja bílasmiðjan h/f, greiði gagnáfrýjanda, Þóri Sæmundssyni, 1.343.77 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. febrúar 1981.

Mál þetta, sem var dómtekið 13. janúar 1981, hefur Þórir Sæmundsson auglýsingastjóri, Engihjalla 3, Kópavogi, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 3. maí 1979 gegn Nýju bílasmiðjunni h/f, Hamarshöfða 5, Reykjavík, sem lét mæta við þingfestingu málsins án stefnu.

Málið er höfðað til greiðslu skaðabóta vegna meintrar ólög-mætrar starfsuppsagnar, eftirstöðva launa og þóknunar vegna afnota af húsnæði og síma.

Stefnanda var veitt gjafsókn í málinu 1. desember 1980.

Þann 15. maí 1979 réðst stefnandi framkvæmdastjóri til stefnda fyrir milligöngu Hagvangs h/f og hóf störf þá þegar. Stefnandi lét þess getið við ráðninguna, að hann mundi taka sér launalaust leyfi um sumarið. Starfsaðstaða stefnanda var heima hjá honum, og einkasími hans var notaður í þágu fyrirtækisins. Hann kom reglulega á verkstæði stefnanda og ræddi við starfs-

menn þar, auk þess sem hann heimsótti viðskiptamenn fyrirtækisins ýmsum erindum.

Þann 18. júlí 1979 fór stefnandi út að skemmta sér að kvöldlagi og neytti áfengis. Upp frá því var hann ölvaður um nokkurt skeið og sinnti ekki starfsskyldum sínum. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi komið aftur til starfa 31. júlí, en af hálfu stefnda er staðhæft, að hann hafi ekki komið aftur til starfa fyrr en eftir verslunarmannahelgi.

Þann 29. ágúst 1978 var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda. Uppsagnarfrestur var ákveðinn 3 mánuðir, starfssvið yfirumsjón með rekstri fyrirtækisins í umboði stjórnar þess og í fullu samræmi við verkstjóra, sérstaklega varðandi tæknileg efni. Stefnandi skyldi sjá um fjármálastjórn, bókhald í hendur endurskoðanda, áætlanagerð og eftirlit, bankaviðskipti, prókúrunarétt, inn- og útgreiðslur, reglubundið kassauppgjör, launagreiðslur, starfsmannamál, sölumál, innkaup, verksamninga og aðra samningagerð, svo sem um leigu húsnæðis, kaup og sölu fasteigna, meiri háttar véla og verkfæra og þess háttar. Nánari verkaskipting og samvinna skyldi ákveðin frekar af framkvæmdastjóra, verkstjóra og stjórn. Daglegur vinnutími var ákveðinn 8 klukkustundir fimm virka daga vikunnar, „en þó skal framkvæmdastjóri vinna utan þess tíma, ef nauðsyn krefur. Orlof, veikindi og almenn atriði, er varða réttindi og skyldur vinnuveitenda og launþega, þ. e. framkvæmdastjóra, fara eftir kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur.“

Laun voru ákveðin kr. 380 þúsund á mánuði og þar innifalinn bílstyrkur. Launin skyldu fylgja almennum meðaltalshækkunum samkvæmt samningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur, en takast að öðru leyti til endurskoðunar að sex mánuðum liðnum frá 15. maí 1978 að telja. Lokaákvæði samningsins er svohljóðandi:

„Þórir hefur ákveðið að takast á við starf sitt af áhuga og fullum starfskröftum, og um leið eru eigendur, stjórn og starfsmenn Nýju bílasmiðjunnar ákveðnir í að veita Þóri alla þá aðstoð og aðstöðu, sem möguleg er, til þess að hann geti leyst starf sitt farsælega af hendi.“

Í fyrstu viku októbermánaðar bar það aftur til, að stefnandi var frá vinnu vegna ölvunar. Hann heldur því fram, að hann hafi einungis verið frá vinnu í einn dag, þann 4. október, en af stefnda hálfu er því haldið fram, að um frekari brögð hafi verið að ræða að fjarvistum hans þessa viku. Þann 10. október 1978

ákvað stjórn fyrirtækisins að víkja stefnanda úr starfi, og var stefnanda tilkynnt um þá ákvörðun. Á hluthafafundi 24. október var ákvörðun þessari breytt og uppsögnin felld úr gildi.

Frá 30. október 1978 mætti stefnandi ekki á verkstæði stefnda. Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram læknisvottorð, þar sem segir, að hann hafi verið með öllu óvinnufær frá 30. október til 9. nóvember 1978 vegna sjúkdóms. Þann 6. nóvember var þess krafist af hálfu stefnda, að stefnandi afhenti þau gögn, sem hann hefði frá fyrirtækinu, og var þeim að mestu skilað næsta dag.

Þann 9. nóvember 1978 var stefnanda sent símskeyti svohljóðandi:

„Hér með tilkynnist, að yður er vikið úr starfi framkvæmdastjóra Nýju bílasmiðjunnar h.f. frá og með síðustu mánaðamótum, þar sem þér hafið ekki mætt til vinnu, án þess að ástæðu sé getið. Vinsamlegast skilið af yður þeim gögnum, sem þér hafið undir höndum, þegar í stað.

Stjórn Nýju bílasmiðjunnar h.f.

Tómas Ol. Ingimundarson.“

Nýr framkvæmdastjóri tók svo við starfi stefnanda þann 15. nóvember 1978. Í framhaldi af þessu fóru fram nokkrar umræður milli aðilja um uppgjör, en ekki náðist samkomulag. Stefnandi var atvinnulaus allt til byrjunar aprílmánaðar 1979. Hann greiddi sjálfum sér laun, meðan hann var framkvæmdastjóri stefnda, 2.108.900 kr. í föst laun og 220.000 kr. í orlof.

Samkvæmt vottorði Sjúkrasamlags Reykjavíkur var stefnandi vistaður á sjúkrastofnun í Bandaríkjunum frá 1. júní til 9. júlí og 14. — 17. júlí 1977 vegna drykkjusýki. Þeim, sem annaðist ráðningu stefnanda á vegum Hagvangs h/f, var um þetta kunnugt, og fyrirsvarsmönnum stefnanda var fljótlega kunnugt um þetta, eftir að stefnandi hóf störf.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 37.158.63 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar og vaxta og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Af stefnda hálfu er þess krafist, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnanda kr. 500.05 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags, en að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína þannig:

Laun í maí 1978	nýkr.	1.900.00
Laun í júní 1978	nýkr.	4.099.23
Laun í júlí 1978	nýkr.	2.587.23
Laun í ágúst 1978	nýkr.	4.099.23
Laun í september 1978	nýkr.	4.195.68
Laun í október 1978	nýkr.	4.195.68
Laun í nóvember 1978	nýkr.	4.195.68

 Nýkr. 25.272.73

8.33% orlof af nýkr. 25.272.73 nýkr. 2.105.21

 Nýkr. 27.377.94
Laun í uppsagnarfresti.

Laun í desember 1978	nýkr.	4.356.43
Laun í janúar 1979	nýkr.	4.356.43
Laun í febrúar 1979	nýkr.	4.356.43
8.33% orlof af kr. 13.069.29	nýkr.	1.088.67

Yfirvinna í maí.

11 klst. eftirvinna		
á nýkr. 33.25 pr. klst.	nýkr.	365.75
19 klst. næturvinna		
á nýkr. 42.75 pr. klst.	nýkr.	812.25

Yfirvinna í júní til ágúst.

73½ klst. eftirvinna		
á nýkr. 35.87 pr. klst.	nýkr.	2.636.45
76½ klst. næturvinna		
á nýkr. 46.12 pr. klst.	nýkr.	3.528.18

Yfirvinna í sept. til okt.

52 klst. eftirvinna		
á nýkr. 36.71 pr. klst.	nýkr.	1.908.92
57 klst. næturvinna		
á nýkr. 47.20 pr. klst.	nýkr.	2.690.40

 Samtals yfirvinna nýkr. 11.941.95

8.33% orlof af kr. 11.941.95 nýkr. 994.76

 Samtals nýkr. 12.936.71 12.936.71

1976

Leiguafnot húsnæðis í 6 mán. frá 15. maí 1978

— 15. nóvember 1978 á nýkr. 300.00 pr. mánuð 1.800.00

Samtals kr. 56.272.61

Mínus áður greitt til Þóris Sæmundssonar — 23.289.00

Eftirstöðvar Samtals kr. 32.983.61

Niðurstaða stefnda er fengin þannig:

1) Laun mánuðina júní — okt.

maí kr. 1.900.00

júní — 4.099.23

júlí — 4.099.23

ágúst — 4.099.23

sept. — 4.195.68

okt. — 4.195.68

Samtals kr. 22.589.05

2) Húsnæðiskostnaður — 1.200.00

Samtals kr. 23.789.05

3) Áður greitt kr. 23.289.00

Eftirstöðvar nýkr. 500.05

Málsástæður stefnanda byggjast fyrst og fremst á ráðningar-
samningi og samningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur við
atvinnurekendur frá 22. júní 1977. Samkvæmt þessum samning-
um telur stefnandi, að hann hafi átt rétt á því, að uppsögn mið-
aðist við næstu mánaðamót, 30. nóvember 1978, og að hann ætti
uppsagnarfrest í þrjá mánuði þaðan í frá, enda hafi hann ekkert
það til saka unnið, sem heimilaði uppsögn án bóta. Af hálfu
stefnanda er því haldið fram, að hann sé alkóhólisti, alkóhólismi
sé sjúkdómur og að ekki sé heimilt að segja starfsmanni upp
störfum án bóta vegna sjúkdóms. Því er sérstaklega haldið fram,
að hann hafi ekki leynt sjúkdómi þessum. Til vara er á því byggt,
að fjarvistir stefnanda hafi verið óverulegar, hann hafi aðeins
verið 8 virka daga frá vinnu í júlí og látið vita um, að hann tæki
sumarfrí fyrsta daginn. Þá heldur hann því fram, að hann hafi
aðeins verið frá vinnu í einn dag í október, en að hann hafi orð-
ið lasinn þann 30. október, haft samband við lækni og lýst fyr-

ir honum sjúkdómi sínum þann dag. Hann kveður lækninn hafa sagt, að hann mundi vera með innflúensu. Hann segist hafa getað unnið þann 30. og 31. október, en kveður sjúkdóminn hafa þyrmt yfir sig 1. nóvember. Hann segir, að gögn hafi verið tekin af sér með þeim hætti, að hann hafi litið svo á, að sér hefði verið sagt upp störfum, og segist þá fyrst hafa byrjað drykkju, eða þann 7. október. Varðandi eftirvinnu heldur stefnandi því fram, að hann hafi einkum orðið að vinna fram yfir venjulegan vinnutíma vegna þess, að bókhald hafi verið í ólestri, þegar hann kom að fyrirtækinu.

Krafa um orlof byggist á ákvæði í kjarasamningi.

Meginmálsástæða stefnda er, að forsendu hafi brostið fyrir framhaldi samningssambands aðiljanna, því hafi valdið drykkjuskaparóregla stefnanda, sem hafi farið ítrekað frá verki án þess að láta vita eða gefa skýringar. Hann hafi þannig horfið frá störfum í ca þrjár vikur í júlí og ágúst, eina viku í október og loks í byrjun nóvember, en á því tímabili telur stefndi, að ekki hafi verið hægt að ná sambandi við stefnanda. Því er sérstaklega haldið fram, að stefnandi hafi sjálfur lýst því yfir eftir fjarvistir í júlí og ágúst, að ef þetta kæmi fyrir aftur, þýddi það, að ráðningu hans væri lokið. Varðandi eftirvinnu er því haldið fram, að vinnuframlag stefnanda hafi ekki verið meira en svo, að dagvinna hafi nægt til þeirra afkasta. Við munnlegan málflutning var því hreyft af hálfu stefnda, að stefnanda hafi borið að vinna nokkra aukavinnu án greiðslu samkvæmt ráðningarsamningi. Varðandi orlof er því haldið fram, að stefnandi hafi tekið út orlof sitt með fjarvistum. Kröfu vegna afnota af húsnæði og síma er mótmælt sem of hárrí.

Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu fyrir dóminum. Hann segist hafa mætt flesta morgna á verkstæði stefnda og yfirleitt einnig á kvöldin svo og um hádegið.

Kristján Þorkelsson bifreiðasmiður var starfsmaður stefnda í forstjóratið stefnanda og er enn. Hann er nú stjórnarformaður. Hann segir, að þegar stefnandi var við störf, hafi hann gjarna komið í smiðjuna um 9 leytið á morgnana og drukkið þá kaffi með forráðamönnum félagsins og starfsmönnum, en stundum hafi hann þó byrjað á útréttingum.

Hrafnkell Þórðarson var verkstjóri og stjórnarformaður í tíð stefnanda. Hann segir, að stefnandi hafi komið flesta daga á verkstæðið eða hann sjálfur haft samband við stefnanda símleiðis til að ræða vandamál, sem upp á báru, og annað. Stefnandi segist

flesta morgna hafa mætt á verkstæði stefnda og yfirleitt einnig á kvöldin svo og í hádegi.

Stefnandi skýrir svo frá, að að morgni fyrsta dags, sem hann var frá vinnu í júlí, hafi hann haft samband við Hrafnkel og sagt honum, að hann mundi taka sér nokkurra daga frí. Hann segir, að þetta tímabil hafi orðið ein og hálf vika, samtals 7 eða 8 vinnudagar í endaðan júlí. Hann segist hafa verið við drykkju á þessu tímabili. Hrafnkell segir, að hann hafi horfið frá störfum án þess að láta vita áður og að hann hafi ekki komið til starfa aftur fyrr en eftir verslunarmannahelgi. Hann segist hafa talað við stefnanda í vikunni fyrir verslunarmannahelgina og þá hafi sér virst hann vera ódrukkinn. Hann kveður þá hafa talað um, að stefnandi byrjaði að vinna þá eftir helgina. Kristján segir, að stefnandi hafi hætt að mæta um eða upp úr miðjum júlí, og kveður árangurslaust hafi verið reynt að ná í hann. Hann segir, að stefnandi hafi ekki haft samband við neinn út af fjarveru sinni, en kveðst hafa verið í leyfi, þegar stefnandi kom aftur. Bæði Hrafnkell og Kristján segja, að um það hafi verið talað á stjórnarfundum í ágúst, þar sem stefndi var viðstaddur, að ef það kæmi fyrir oft, að stefnandi væri frá vinnu vegna áfengisneyslu, þá væri ráðningu hans lokið. Þeir segja, að stefnandi hafi sjálfur lýst þessu yfir, og Kristján telur, að orðið hafi samkomulag að þessu lútandi á fundinum. Hrafnkell segir, að stefnandi hafi beðist undan, að þetta væri bókað, og að það hafi verið látið eftir honum. Stefnandi kveður þessa staðhæfingu ranga.

Þann 10. október 1978 var haldinn stjórnarfundur, og voru mættir þar fjórir stjórnarmenn. Til umræðu var, hvort stefnandi hefði gerst brotlegur í annað sinn samkvæmt ráðningarsamningi hans við fyrirtækið og munnlegum samningi hans við stjórn þess. Var ekki talinn vafi á, að um brot hefði verið að ræða, og því ákvað stjórnin að víkja honum úr starfi. Þann 24. október var haldinn hluthafafundur, eins og áður greinir. Stefnandi lýsti því yfir á fundinum, að hann mótmælti því, að hann væri talinn brotlegur í starfi. Vék hann síðan af fundi, en umræður héldu áfram um mál hans, og voru menn ekki á eitt sáttir. Eftir að atkvæði höfðu verið greidd, var ákveðið að biðja um hluthafafund með stefnanda fljótlega og ræða framtíðarmálin nánar. Í aðilja-skýrslu skýrði stefnandi svo frá, að hann hefði mætt til vinnu á mánudegi, en forfallast um miðja viku, líklega á miðvikudegi. Hann hafi verið alveg frá í einn dag, en mætt hina dagana. Hann

hafi smakkað vín að kvöldi þriðjudags og því ekki verið fær um að mæta á miðvikudegi, en á fimmtudegi segist hann hafa verið mættur til innheimtustarfa í starfhæfu ástandi og annast útborganir á föstudegi. Hrafnkell segist ekki vera viss um, hvort stefnandi mætti á mánudegi, en hann kveðst hafa haft símasamband við hann þann dag. Á þriðjudegi segist hann ekki hafa náð í stefnanda og ekki á miðvikudegi. „ . . . og hann segist sjálfur hafa farið á ról á fimmtudeginum — ég skal ekki staðhæfa það. Það er allavega þriðjudag — miðvikudag . . .“. Hrafnkell segist hafa haft samband við stefnanda á föstudagsmorgni í síma og telur sér hafa virst, að allt væri í lagi með hann þá, stefnandi hafi sagst treysta sér til að ganga frá launum, sonur stefnanda hafi síðan komið með launauppgjörið eðlilega unnið og ekkert við það að athuga. „Svo mætir hann ekki aftur til vinnu fyrr en á þriðjudag, þannig að ég er ekki dómbær á það, hvað skeði á því tímabili, enda kom það ekki við okkar störfum með þennan mánudag, hvað hann hafði sér til afsökunar þar.“

Við samprófun sagði Hrafnkell, að hann hefði talað tvisvar við stefnanda á föstudeginum, í fyrra skiptið hafi sér virst hann allsgáður, en í síðara skiptið, seinna um daginn, að hann mundi vera undir áhrifum. Stefnandi segist hafa sótt stimpilkort á fimmtudegi og reiknað út launin sjálfur. Kristján segist vera viss um, að það hafi verið meira en einn dag, sem stefnandi var fjarverandi í byrjun október. Hann kvaðst ekki muna, hvaða dagar þetta voru. Ítrekað hafi verið reynt að ná í stefnanda, bæði að degi til og á kvöldin.

Í stefnu og greinargerð stefnanda er atvikum varðandi endanlega uppsögn hans lýst þannig, að hann hafi veikst af flensu eða einhverri umgangspest hinn 30. október. Þann 1. nóvember hafi verið hringt frá stefnda og spurt, hvort stefnandi væri veikur, og sagt, að svo væri. Þann 6. nóvember hafi síðan enn verið hringt frá stefnda og stefnandi krafinn um gögn, er væru í fórum hans varðandi rekstur stefnda, og því hótað, að lögreglan kæmi og næði í gögnin, væru þau ekki send tafarlaust. Sonur stefnanda muni hafa orðið fyrir svörum. Stefnandi hafi ekki séð sér annað fært en afhenda gögnin og þau verið að meginhluta til send til stefnda daginn eftir. Framkoma þessi hafi komið stefnanda afar mikið á óvart og fengið mjög á hann. Honum hafi síðan verið sent uppsagnarskeyti tveimur dögum síðar, en hann hafi fengið það í hendur þann 10. nóvember og hætt þá störfum samstundis samkvæmt fyrirmælum í skeytinu. Í aðilja-

skýrslu stefnanda segir, að hann hafi kennt lasleika þann 30. október og þá haft strax samband við lækni, sem hafi sagt sér, að hann mundi vera með innflúensu, sem væri að ganga. Hann kveður þó sjúkdóminn ekki hafa náð því marki, að hann væri með öllu óvinnufær, fyrr en miðvikudaginn 1. nóvember. Hann hafi verið að störfum 30. og 31. október þrátt fyrir lasleikann.

Hrafnkell segir, að stuttu eftir mánaðarlok (október) hafi tekið fyrir samband við stefnanda. Hann segir, að þeir hafi reynt í marga daga að ná sambandi við hann án árangurs. Hann segist sjálfur loks hafa náð sambandi við son stefnanda, sem ekkert sagðist vita. Hann segir sér algerlega ókunnugt um lögregluhótanir, ef um þær hafi verið að ræða, hafi þá einhver annar staðið að því. Hann segir, að símapjónustan hafi átt erfitt með að afhenda símskeytið og að talið hafi verið, að stefnandi væri ekki á landinu. Við sampröfun sagði stefnandi, að sonur sinn hefði flutt meginhlutann af gögnunum til stefnda þann 7. nóvember eftir lögregluhótanir og hann þá byrjað að drekka. Kristján segir, að ábyggilega hafi verið reynt að hringja í stefnanda á þeim tíma, hann hafi sjálfur ábyggilega reynt það. Hann hafi einu sinni farið heim til stefnanda, en ekki náð sambandi, líklega fyrstu dagana í nóvember. Hann segir, að stefnandi hafi ekki tilkynnt veikindi. Hann segist aldrei hafa heyrt um, að honum hafi verið hótað lögregluaðgerðum. Hann segir, að ekki sé ósennilegt, að einn af forráðamönnum stefnda, Ólafur að nafni, hafi reynt að hafa tal af stefnanda.

Þann 9. nóvember 1978 var haldinn stjórnarfundur og bókað, að árangurslaust hefði verið reynt að hafa samband við Þóri þann 1. nóvember, bæði símleiðis og farið heim til hans, og vegna ítrekaðra brota var talið, að ekki væri fært að hafa hann í starfi lengur. Stefnandi hefur lagt fram dagbók sína, þar sem skráðir eru vinnutímar hans og sundurliðun í dagvinnu, eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu. Á tímabilinu frá 19.—25. júlí eru skráðar vinnustundir með svörtu bleki, en leiðrétt með rauðu. Stefnandi segist ekkert hafa unnið fyrir fyrirtækið á þessu tímabili, kveður það, sem skráð er með rauðu, eiga að gilda. Þann 30. og 31. október eru skráðir yfirvinnutímar. Stefnandi segist hafa unnið þessa tíma. Hann segir, að bókhald hafi verið í hörmungarástandi, þegar hann kom að fyrirtækinu. Ársreikninga fyrir árið 1977 hafi vantað, þar sem þeir hafi verið hjá sérstöðum bókhaldara, sem hafi unnið sjálfstætt að gerð bókhalds fyrir árið 1977. Skjölum fyrir tímabilið frá 1. janúar —

15. maí 1979 hafi verið óraðað, þegar hann kom að fyrirtækinu, og yfir höfuð ekkert farið að vinna að bókhaldi ársins, hafi tvímælalaust kostað mikla vinnu að koma röð og reglu á bókhaldsgögnin. Hann hafi unnið bókhaldslykil í samvinnu við Hagvang, en kveður sér hafa gengið illa að koma hóm saman. Hann hafi dregið að færa bókhaldsbækur af þessum sökum. Bókhaldslykillinn hafi ekki verið fullsaminn fyrr en í ágúst eða september og ekki fært að hefja merkingu fylgiskjala fyrr en í október. Hann hafi skilað fylgiskjölum öllum uppfærðum í möppu fyrir allan þann tíma, sem hann vann hjá fyrirtækinu, og til þess tíma, er hann hætti. Ekki hafi verið færð önnur bók á þessu tímabili en sjóðbók. Loks tekur hann fram, að mikið starf hafi farið í innheimtustörf.

Hrafnkell segir, að kröfur um yfirvinnuborgun hafi aldrei komið til greina fyrr en eftir á, þegar farið var að tala um uppgjör. Hann segist hafa litið svo á, að þótt um einhverja yfirvinnu hafi verið að ræða, hafi ekki átt að greiða sérstaklega fyrir hana. Hins vegar, ef um sérstaklega mikla yfirvinnu hefði verið að ræða, þá hefði komið til greina, að hún yrði greidd.

Eins og að framan er rakið, byggist málsvörn stefnda aðallega á því, að stefnandi hafi brotið svo gegn skyldum sínum gagnvart stefnda, að stefnda hafi verið rétt að rifta samningi aðiljanna einhliða án bóta. Að því leyti sem staðhæfingu stefnda um þetta efni hefur verið andmælt þykir sönnunarbyrðin fyrir ávirðingum stefnanda hvíla á stefnda, en af hans hálfu hefur annað ekki verið fært fram til sanninda en aðiljaskýrslur og endurrit úr gerðabók félagsins. Gögn þessi eru þess eðlis og þess efnis, að þau þykja almennt ekki geta hnekkst sennilegum staðhæfingum stefnanda um umdeild sönnunatriði.

Stefndi átti þess kost samkvæmt VII. kafla kjarasamninga (7.4.) að krefjast vottorðs trúnaðarlæknis um veikindi stefnanda, en lét ógert að tryggja sér sönnun með þessum hætti.

Samkvæmt þessu þykir þannig verða að byggja á því, að stefnandi hafi aðeins verið frá störfum frá 19.—31. júlí, 4. október og síðan frá 1. nóvember. Hins vegar þykir mega leggja til grundvallar samkvæmt yfirlýsingum stefnanda, að hann hafi verið ölvaður, meðan hann var frá störfum í júlí og október og frá 7. nóvember 1978.

Ósannað verður að telja, að samkomulag hafi orðið um það í ágústmánuði 1978, að stefnandi yrði að hlíta uppsögn án bóta, ef honum yrðu forföll oftast vegna áfengisneyslu.

Það þykir verða að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi verið óvinnufær vegna veikinda frá 1. nóvember til 9. s. m. Stefnandi hefur gert það sennilegt, að forráðamenn stefnda hafi fengið þá vitneskju á heimili hans þann 1. nóvember, að hann væri veikur. Þá þykir verða að byggja á því, að stefnandi hafi verið krafinn um gögn með þeim hætti, að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að um einhliða slit starfssamnings væri að ræða.

Ekki þykir verða fallist á það með stefnanda, að drykkjusýki verði lögð að jöfnu við veikindi í skilningi kjarasamnings þess, sem ráðningarsamningur stefnanda byggist á. Þessi skoðun stefnanda þykir heldur ekki eiga næga stoð í lögum eða ráðningarsamningi. Af þessum sökum þykir stefnandi ekki eiga rétt á launum fyrir þann tíma, sem hann var frá störfum vegna ölvunar í októbermánuði. Hins vegar þykir ölvun hans frá 7. nóvember ekki eiga að hafa áhrif á úrslit þessa máls, og þykir í því efni bæði verða að líta til þess, að leggja verður til grundvallar, að hann hafi verið veikur á þeim tíma, og eins til þess, að hann hafði þá verið sviptur aðstöðu til að gegna störfum sínum að kröfu stefnda.

Kemur þá til álita, hvort frávikning stefnanda hafi af öðrum ástæðum réttlæst af atvikum, sem hann varða.

Þljóst er, að stefnandi hætti störfum fyrirvaralaust 19. júlí 1978. Stefnandi hefur ekki stutt þá staðhæfingu gögnum, að hann hafi tilkynnt um, að hann tæki sér launalaust leyfi þann dag, og ljóst er, að stefnandi hefur ekki valið tíma til orlofs með samkomulagi við stefnda, sbr. IV. kafla ráðningarsamningsins (4.1.1.). Hins vegar virðist hafa orðið samkomulag um, að stefnandi tæki sér launalaust orlof, og eðlilegast að gera ráð fyrir, að það yrði á þeim tíma, þegar starfsemi félagsins lá að verulegu leyti niðri vegna almennra sumarfría, en það virðist hafa verið frá miðjum júlí til 7. ágúst. Forráðamenn stefnda máttu því vænta þess, að stefnandi tæki sér orlof á þessum tíma. Í þessu efni þykir einnig verða að hafa í huga, að stefnandi hlaut sem framkvæmdastjóri að hafa mest um það að segja, hvernig sumarleyfum hans og annarra starfsmanna yrði skipað. Loks er á það að líta, að stefnandi var fastráðinn eftir þetta, þannig að hann mátti ætla, að hann yrði ekki látinn gjalda þessarar yfirsjónar, nema honum yrði alvarlega á að nýju. Með hliðsjón af niðurstöðu hluthafafundar þykir verða að byggja á því, að stefnandi hafi mátt treysta því, að hann fengi að halda stöðu sinni þrátt fyrir fjarvist í októbermánuði, ef ekki kæmi meira til, en eins

og að framan er rakið, verður ekk talið sannað, að stefnandi hafi brotið af sér varðandi forföll í nóvember. Samkvæmt þessu þykir stefnandi eiga rétt á bótum vegna óréttmætrar uppsagnar.

Samkvæmt XII. kafla kjarasamnings og 1. gr. starfssamnings þykir stefnandi hafa mátt vænta þess, þegar honum var sagt upp störfum, að uppsögn miðaðist við lok nóvember 1978 og að uppsagnarfrestur væri þrjú mánuðir frá þeim tíma.

Því hefur verið haldið fram, ómótmælt, af hálfu stefnanda, að hann hafi ekki verið búinn að útvega sér nýtt starf, fyrr en í apríl 1979. Stefndi virðist ekki hafa gefið stefnanda kost á að gegna störfum lengur en raun varð á. Því hefur ekki verið haldið fram, að stefnandi hafi verið búinn að nýta veikindadaga skv. VII. kafla kjarasamningsins.

Samkvæmt þessu þykir verða að fallast á kröfu stefnanda um laun fyrir nóvembermánuð og bætur, sem miðast við þriggja mánaða laun frá lokum þess mánaðar.

Er litið er til stöðu stefnanda hjá fyrirtækinu, fyrirkomulags varðandi starfsaðstöðu, starfsskyldna hans skv. ráðningarsamningi og upplýsinga um bókhald stefnda, þykir verða að leggja til grundvallar skýrslu stefnanda um yfirvinnu.

Eins og að framan er rakið, verður talið rétt, að stefnandi sæti frádrætti launa vegna vanrækslu á starfsskyldum í október. Málflutning stefnda þykir mega skilja svo, að ef ekki verði fallist á sjónarmið hans varðandi kröfu til orlofsfjár, eigi þó stefnandi ekki að fá laun fyrir þann tíma, sem hann var frá störfum vegna áfengisneyslu. Frádráttur af þessum ástæðum þykir hæfilega ákveðinn ein daglaun, eða 19.362 gkr.

Samkvæmt því, sem rakið er að framan, þykir ekki verða fallist á, að stefnandi hafi fyrirgert rétti til orlofsfjár, en samkvæmt IV. kafla kjarasamnings átti stefnandi rétt á 8.33% í orlofsfé ofan á allt kaup, sbr. 7. gr. laga nr. 87/1971.

Ekki hefur verið leitt í ljós, að krafa stefnanda fyrir afnot af síma og húsnæði sé óhæfilega há, og verður hún því tekin til greina.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir stefnandi hafa átt rétt á greiðslum frá stefnda eins og hér greinir:

Laun fyrir tímabilið frá 15. maí til 30. nóvember:	2.527.273 gkr.
÷ ein daglaun	19.362 —
	<hr/>
	2.507.911 gkr.

Bætur vegna ólögætrar uppsagnar	1.306.929 gkr.
Laun fyrir yfirvinnu	1.194.195 —
	<hr/>
	5.009.035 gkr.
Orlof 8.33%	417.253 —
	<hr/>
	5.426.288 gkr.
Póknun fyrir afnot húsnæðis og síma	180.000 gkr.
	<hr/>
	5.606.288 gkr.
÷ greitt	2.328.900 —
	<hr/>
	3.277.388 gkr.

Samkvæmt þessu þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 32.774.00, sbr. 2. gr. laga nr. 35/1979, 9. gr. sömu laga og 2., 6. og 19. gr. reglugerðar nr. 253/1980.

Af þessari fjárhæð ber stefnda í samræmi við kröfu stefnanda að greiða honum 19% ársvexti frá 1. mars 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 6.250.00.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, cand. juris, kr. 6.250.00, greiðist úr ríkissjóði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Nýja bílasmiðjan h/f, greiði stefnanda, Þóri Sæmundssyni, kr. 32.774.00 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags og kr. 6.250.00 í málskostnað.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, cand. juris, kr. 6.250.00, greiðist úr ríkissjóði.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.